

Í þeim tilvikum þar sem hinn fatlaði getur ekki séð um meðferð einkafjármuna eða hún hefur ekki verið falin öðrum aðila gildir eftirfarandi tilhögun:

A. Sambýli og áfangastaðir.

Rekstraraðili, eða starfsmaður í umboði hans, ber ábyrgð á vörslu þeirra einkafjármuna íbúa sem renna eiga til reksturs heimilissins, þ.e. húsaleigu, sameiginlegs heimilissjóðs, svo og til persónulegra þarfa íbúa.

Rekstraraðili skal fela tilteknum starfsmanni sambýla og áfangastaða að halda bókhald um fjárframlag íbúa til húsaleigu og heimilissjóð og er ábyrgur gagnvart íbúum eða umboðsmönnum þeirra um meðferð rekstrarfjármuna.

Greiðslur til einkaneyslu, utan heimilissjóðs og húsaleigu, skulu færðar sérstaklega.

B. Vistheimili.

Um ábyrgð á vörslu vasapeninga og færslur fer eftir A-lið 3. mgr.

Ákvæði A-liðar 2. mgr. getur jafnframt átt við um íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.

Gerður skal samningur milli rekstraraðila og íbúa um vörslu og meðferð einkafjármuna þeirra samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og með hliðsjón af 3. gr. laga, nr. 52/2001, um breytingu á lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997, öðlast gildi 1. október 2002. Frá sama tíma er úr gildi fallin reglugerð um búsetu fatlaðra, nr. 555/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 2002.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 62, 25. janúar 2002,
um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 62, 25. janúar 2002, um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. apríl 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónsson.